

ÍSLENSKIR FJÁRFESTAR HF.

LAGALEGIR FYRIRVARAR

Lagalegur fyrirvari vegna vefsíðu

Upplýsingar á vefsíðu Íslenskra fjárfesta hf. (hér eftir „IFJ“ eða „félagið“) eru birtar samkvæmt bestu vitund félagsins á hverjum tíma og er ekki tekin ábyrgð á viðskiptum sem gerð eru á grundvelli þeirra. IFJ ábyrgjast ekki réttmæti upplýsinganna hvort sem þær koma frá félaginu eða þriðja aðila. Upplýsingarnar kunna að breytast án fyrirvara.

Upplýsingar á vefsíðu IFJ eru almenns eðlis og fela ekki í sér tilboð eða ráðleggingar um kaup eða sölu tiltekinna fjármálagerna. Notendur vefsíðunnar bera einir ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra upplýsinga sem birtast á vefsíðunni.

IFJ bera ekki í neinum tilvikum ábyrgð á tjóni sem rekja má til upplýsinga sem birtast á vefsíðu IFJ né heldur á tjóni sem rekja má beint eða óbeint til notkunar á vefsíðu félagsins. IFJ bera ekki í neinum tilvikum ábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að ekki er hægt að nota vefsíðuna um lengri eða skemmri tíma.

IFJ eiga höfundarrétt á upplýsingum sem birtast á vefsíðunni nema annað sé tekið fram eða verði leitt af eðli máls. Óheimilt er að dreifa upplýsingunum, afrita þær eða nýta með öðrum hætti án skriflegs samþykkis IFJ. Ekki skiptir máli hvers eðlis þær upplýsingar eru né í hvaða tilgangi ætlunin er að endurbirta þær, afrita þær eða dreifa þeim. Viðskiptavinum IFJ er þó heimilt að vista slíkar upplýsingar til einkanota.

Viðskipti með fjármálagerna eru áhættusöm í eðli sínu. Verðbreytingar í fortíð gefa ekki endilega vísbendingu um verðbreytingar í framtíð. IFJ hvetja viðskiptavinum sína til að afla sér upplýsinga um eðli verðbreytinga og eftir atvikum annað sem viðkemur verðbreytingum hjá ráðgjöfum félagsins.

Framangreindir fyrirvarar eiga einnig við um allar upplýsingar og efni sem sett er af hálfu IFJ inn á samfélagsmiðla ef við á.

Lagalegur fyrirvari vegna tölvupósts

Tölvupóstur og viðhengi sem send eru frá netföngum skráðum á IFJ kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og eru eingöngu ætluð skráðum viðtakendum. Sé efni tölvupósts og viðhengja ótengt starfsemi IFJ er sendandi einn ábyrgur. IFJ vekja athygli á því að hvers konar upplýsingagjöf, afritun eða dreifing þeirra upplýsinga sem fram koma í tölvupóstum og viðhengjum er óleyfileg og kann að varða við lög. Sért þú ekki réttur viðtakandi tölvupóstsins ertu vinsamlega beðinn um að gæta fyllsta trúnaðar, tilkynna sendanda að þér hafi borist þessi tölvupóstur fyrir mistök, að því loknu að eyða tölvupóstinum og viðhengjum hans, ef einhver eru, án þess að geyma afrit, samanber lagaskyldu þar að lútandi samkvæmt 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti.

IFJ bera ekki ábyrgð á rangri eða ófullgerðri sendingu upplýsinganna sem tölvupósturinn inniheldur, né heldur á töfum á afhendingu hans eða tjóni sem kann að verða á tölvukerfi

móttakanda. IFJ ábyrgjast hvorki öryggi tölvupóstsins né að hann sé laus við vírusa eða að íhlutun þriðja aðila hafi ekki átt sér stað.

Upplýsingar um fyrirtæki eða fjármálagerninga hafa eingöngu upplýsingagildi og fela ekki í sér tilboð eða ráðleggingar um kaup eða sölu verðbréfa eða þátttöku í fjárfestingum.

Upptaka símtala, geymsla og vistun gagna

Í því skyni að tryggja öryggi viðskiptavinar og IFJ er viðskiptavini kunnugt um að viðskiptasímtöl við félagið kunna að vera hljóðrituð án sérstakrar tilkynningar í hvert sinn. Hið sama gildir um samtöl í gegnum aðra rekjanlega miðla, til dæmis Lync, Jabber, Bloomberg og Skype for Business.

Símaupptökur eru gerðar á grundvelli heimildar í lögum um fjarskipti. Viðskiptavini er kunnugt um að upptökur kunna að verða lagðar fram í dómsmáli og/eða notaðar sem sönnunargagn í öðrum tilvikum komi upp ágreiningur um hvað aðilum fór á milli. Að öðru leyti skulu IFJ fara með upptökur líkt og með aðrar upplýsingar er lúta þagnarskyldu, sbr. 58. - 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Öll gögn sem innihalda upplýsingar um viðskipti viðskiptavina og framkvæmd þeirra eru vistuð hjá IFJ í að lágmarki fimm ár.